

Undirbúningsnámskeiði fyrir stjórnarmenn í lífeyrissjóðum vegna hæfismats FME

Félagsmálaskólinn hefur í samstarfi við LL, ASÍ, BSRB og SA sett saman námskeið sem miða að því að undirbúa stjórnarmenn í lífeyrissjóðunum undir hæfismat Fjármálaeftirlitsins. Á námskeiðinu er lögð áhersla á þá þætti í starfsemi sjóðanna sem FME hefur tekið mið af í mati sínu. Námskeiðið hefur að verið haldið 2-3 á ári, allt eftir þörfum.

Nánari upplýsingar veitir Eyrún Valsdóttir, skólastjóri Félagsmálaskólans, eyrun@felagsmalaskoli.is

Dagur 1 – 09:00 – 12:00

Sjálfstæði, dómgreind og viðhorf

- Samfélagsleg ábyrgð og umboðsskyldur stjórnarmanna lífeyrissjóða.
- Sjálfstæði stjórnarmanns og eðlilegar kröfur um sjálfstæði og reynslu.
- Val stjórnenda og samskipti við þá.
- Hagsmunatengsl stjórnarmanns og hugsanlegt vanhæfi í einstökum málum.
- Meginmunur á verkefnum/ábyrgð stjórnarformanns og annarra stjórnarmanna.
- Röksemdir stjórnarmanns fyrir eigin hæfi og hæfni og upplýsingar um reynslu og aðstöðu til að gegna starfi stjórnarmanns.
- Afstaða stjórnarmanns til raunhæfra dæma úr rekstri lífeyrissjóða sem mögulega verða
- Áætlað vinnuálag sem stjórnarstörfin krefjast og helstu verkefni stjórnarmanns.
- Skyldur stjórnarmanna og góðir stjórnarhættir samkvæmt viðteknum viðmiðum viðskiptasamfélagsins.

Dagur 1 – 13:00 – 16:00

Hlutverk og starfsemi lífeyrissjóða almennt og ábyrgð stjórnarmanna – fyrri hluti.

- Hverjar eru helstu skráðu réttarheimildir um lífeyrissjóði og opinbert eftirlit með þeim?
- Meginreglur skráðra réttarheimilda (laga, reglugerða, reglna og leiðbeinandi tilmæla) varðandi lífeyrissjóði?
- Hverjar eru meginreglur um starfsheimildir lífeyrissjóða og starfsleyfi þeirra?
- Hver eru meginatriði laga um hæfisskilyrði stjórnarmanna lífeyrissjóðs?
- Hver eru helstu ákvæðin um verkefni og skyldur stjórnar lífeyrissjóðs?
- Hver eru helstu lagafyrirmæli um hæfisskilyrði og starf framkvæmdastjóra lífeyrissjóðs?
- Hvert er hlutverk innra eftirlits lífeyrissjóðs og hvernig skal því hagað?
- Hvert er markmið opinbers eftirlits með lífeyrissjóðum og hvernig er því hátað?
- Tryggingafræðilega athugun á lífeyrissjóði og tryggingafræðilegt jafnvægi.
- Helstu ákvæði um tryggingarstærðfræðing og endurskoðanda lífeyrissjóða.
- Hver er sérstaða lífeyrissjóða í samanburði við aðra starfsemi á fjármálamarkaði?
- Ábyrgð stjórnarmanna á athöfnum sínum eða aðgerðaleyfi.

Dagur 2 – 09:00 – 16:00

Reikningsskil og endurskoðun lífeyrissjóða

- Hvaða lög, reglur og tilmæli tengjast ársreikningum, endurskoðun og endurskoðendum?
- Hvernig er reikningsskilum lífeyrissjóða háttað og hver eru helstu álitamál sem upp geta komið við mat á hreinni eign?
- Alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar, ISA. tilvist og markmið þeirra, t.d. ISA 200.
- Hver er tilgangur og markmið reikningsskila og endurskoðunar?
- Hver ber ábyrgð á/hefur eftirlit með reikningsskilum/endurskoðun?
- Mikilvæg grundvallar hugtök og skilgreiningar í reikningsskilum lífeyrissjóða, t.d. fjármálagerningar, hrein eign til greiðslu lífeyris, tryggingafræðileg staða, afleiður, áhættustýring, glögg mynd og reikningshaldslegt mat og o.fl.
- Kennitölur, millifyrirsagnir og framsetning ársreiknings lífeyrissjóða.
- Hlutverk ytri endurskoðanda –hvað þýðir „endurskoðaður ársreikningur“?
- Hvert er hlutverk endurskoðunarnefnda, innri endurskoðunar og innra eftirlits?
- Reikningsskil, lífeyrissjóðirnir og samfélagið.
- Hvað er áhætta, áhættudreifing, hlutaáhætta og heildaráhætta?
- Hvernig er hægt að mæla og meta áhættu?
- Fjárfestingarstefna, áhættudreifing og áhættustjórnun.
- Hvert er hlutverk áhættustýringar í lífeyrissjóði og hvernig ber að skipuleggja þann þátt í starfseminni?

Dagur 3 – 09:00 – 12:00

Fjárfestingarstefna, áhættumat, hlutverk og helstu verkefni stjórnarmanna í lífeyrissjóðum.

- Mótun fjárfestingarstefnu og samþætting við áhættustýringu.
- Hver eru helstu ákvæði um heimildir samtryggingardeilda og séreignardeilda lífeyrissjóða til fjárfestinga og takmarkanir þeirra?
- Eftirlitshlutverk stjórnar og framkvæmd þess.
- Skyldur stjórnarmanna lífeyrissjóða og góðir stjórnarhættir samkvæmt viðteknum viðmiðum viðskiptasamfélagsins.

Dagur 3– 13:00 – 16:00

Hlutverk og starfsemi lífeyrissjóða almennt og ábyrgð stjórnarmanna – seinni hluti.
Almennar umræður um ýmis álitaeftni. Jafnframt verður fenginn aðili sem þegar hefur farið í matið hjá FME til að koma og ræða við þátttakendur.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS